

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Hinn 15. mars 2006 er úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman komin að Vegmúla 2, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 4/2006.

Íslandspóstur hf.

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

og

Landsbanka Íslands hf.

Nefndina skipa: Ólafur Garðarsson hrl. formaður og meðnefndarmennirnir Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Káráson verkfræðingur.

Fyrir nefndinni liggur kæra frá Íslandspósti hf. dags. 25. janúar 2006, þar sem kærð er ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 29. desember 2005, í máli Landsbanka Íslands hf. gegn Íslandspósti hf. um greiðslu skaðabóta. Um kærueimild vísast til 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Af hálfu Íslandspósts hf. er þess krafist að hinni kærðu ákvörðun verði hrundið og breytt með þeim hætti að Íslandspóstur hf. verði ekki talinn eiga að greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur vegna þess fjártjóns sem bankinn varð fyrir þegar starfsmaður á vegum Íslandspósts hf. stal verðmætasendingu í vörslu fyrirtækisins þann 10. júlí 2003.

PFS telur sjónarmið sín hafa komið skýrt fram í ákvörðuninni frá 29. desember s.l. og gerir þá kröfu að úrskurðarnefnd staðfesti téða ákvörðun.

Landsbanki Íslands hf. krefst þess að úrskurðarnefnd staðfesti ákvörðun PFS, dags. 29. desember 2005. Jafnframt að Íslandspóstur hf. greiði Landsbanka Íslands hf. allan kostnað við kærumálið.

Úrskurðarnefnd hefur tekið þá ákvörðun að aðild að ágreiningsmáli þessu skuli háttað þannig að Íslandspóstur hf. verði sóknaraðili en PFS og Landsbanki Íslands hf. varnaraðilar.

Þann 9. mars s.l. fór fram munnlegur málflutningur fyrir nefndinni, þar sem mættir voru fyrir hönd Íslandspósts hf. Stefán A. Svansson hdl., fyrir hönd Landsbanka Íslands hf. Ólafur Helgi Árnason hdl. og fyrir hönd PFS Björn Geirsson lögfræðingur. Gerðu aðilar þar grein fyrir kröfum sínum, rökstuddu þær í stuttu máli og svöruðu spurningum þeim er nefndarmenn beindu að þeim. Að loknum málflutningi var svo ágreiningsmálið tekið til úrskurðar.

1.0 Málavextir.

Málavextir fram til þess dags er málið kom til ákvörðunar PFS eru raktir í hinni kærðu ákvörðun. Hafa allir málsaðilar lýst sig samþykkir þessum málavöxtum með nokkrum fyrirvörum á því sem ekki samræmist þeirra málsástæðum og fylgja þeir því hér á eftir:

“Þann 10. júní 2003 gerðist það að verðmætasending í vörslu gagnaðila hvarf. Var lögreglunni tilkynnt um hvarfið tveimur sólarhringum síðar og við rannsókn málsins beindist grunur að tilteknum starfsmanni gagnaðila. Við húsleit hjá viðkomandi starfsmanni fundust 19.000,- sterlingspund, 221.500,- danskar krónur og 11.000,- evrur. Eins og fram kemur í lögregluskýrslu, dags. 1. júlí 2003, játaði starfsmaðurinn við yfirheyrslu að eiga sök á stuldinum. Hafi hann viðurkennt að hafa eytt því fé sem upp á vantaði, þ.e. 18.500,- dönskum krónum og 22.000,- evrum. Þá segir jafnframt í lögregluskýrslu að við rannsókn málsins hafi komið fram hnökrar á ferilvöktun verðmætasendinga og viðbragðssvörun hjá gagnaðila.

Málshefjandi ritaði í framhaldi af þessu bréf til gagnaðila, dags. 8. júlí 2003, þar sem farið var fram á bætur vegna framangreinds fjártjóns, þ.e. 18.500,- danskra króna og 22.000,- evra, ásamt vöxtum samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Var m.a. vísað til þess að ef ferilvöktun og viðbragðssvörun gagnaðila hefði verið í lagi og lögreglunni hefði strax verið tilkynnt um hvarfið hefði verið hægt að fyrirbyggja umrætt tjón.

Með bréfi gagnaðila, dags. 5. ágúst 2003, var þessari kröfu málshefjanda hafnað. Var vísað til þess að um tryggða sendingu hafi verið að ræða, sbr. 41. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, og því kæmu skaðabætur ekki til álita. Enn fremur var því hafnað að einhver vanhöld hefðu verið á ferilvöktun vegna sendingarinnar.

Í kjölfar þessa var ágreiningnum skotið til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar með áðurgreindu bréfi málshefjanda, dags. 2. október 2003.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 14. október 2003, var gagnaðila gefinn kostur á því að tjá sig um kröfu málshefjanda. Jafnframt var óskað eftir nánari lýsingu á því hvernig staðið væri að ferilvöktun á tryggðum sendingum almennt og hvernig staðið hefði verið að henni í tilviki umræddar sendingar. Þá óskaði stofnunin eftir upplýsingum um forsögu þeirra peningaflutninga sem gagnaðili hefur sinnt fyrir málshefjanda og hugsanlega fleiri aðila. Til dæmis hvort einhver sérstakur samningur hefði verið gerður, hvernig hefði verið staðið að upplýsingagjöf til bankans varðandi þá skilmála sem gilda um tryggðar sendingar og hvort ekki hafi verið ljóst frá upphafi þessara viðskipta að um peningasendingar var að ræða.

Póst- og fjarskiptastofnun bárust svör við framangreindu með bréfi gagnaðila, dags. 10. nóvember 2003, ásamt ferillýsingu verðsendinga og þjónustusamningi hans við málshefjanda frá 11. mars 1998. Í bréfinu eru ítrekuð fyrri sjónarmið gagnaðila.

Var málshefjanda gefinn kostur á því að tjá sig um bréf gagnaðila, sbr. bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 21. nóvember 2003. Í bréfi málshefjanda, dags. 8. desember

2003, eru gerðar athugasemdir við sjónarmið gagnaðila, sbr. nánari umfjöllun í eftirfarandi kafla.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 5. janúar 2004, var gagnaðila veitt tækifæri á því að koma á framfæri athugasemdum sínum við bréf málshefjanda. Í bréfi gagnaðila, dags. 20. janúar 2004, eru reifuð sjónarmið og lagarök varðandi synjun á kröfu málshefjanda. Verður nánar vikið að þeim í eftirfarandi kafla.

Um leið og málshefjanda var sent síðast nefnda bréf gagnaðila til upplýsingar, sbr. bréf dags. 20. janúar 2004, var honum tilkynnt að málið yrði tekið til úrskurðar. Af hálfu málsaðila var ekki talin vera þörf á frekari bréfastiptum vegna málsins.”

PFS tók ákvörðun í málinu þann 29. desember 2005 og úrskurðaði Landsbanka Íslands hf. í hag. Íslandspóstur hf. kærði ákvörðun PFS með kæru þann 25. janúar 2006. Sú kæra er hér til umfjöllunar.

2.0 Málsástæður kæranda.

Í kæru send til nefndarinnar þann 25. janúar 2006 setur kærandi fram málástæður sínar. Fylgir hér á eftir viðkomandi kafla úr kærinni:

4. Málsástæður kæranda Íslandspóstshf.

4.1 Kærandi, Íslandspóstur hf., fellst ekki á að fyrirtækið eigi að bera húsbóndaábyrgð vegna þess tjóns sem Landsbanki Íslands hf. kann að hafa orðið fyrir með vísun til 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, svo sem byggt er á í hinni kærðu ákvörðun. Er það mat Íslandspóstshf. að slík niðurstaða brjóti í verulegum atriðum í bága við þau sjónarmið sem liggja til grundvallar reglunnar um húsbóndaábyrgð. Forsendur þær, sem liggja til grundvallar niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar, fái því vart staðist, sbr. umfjöllun kafla 4.2. Ekki verði heldur talið að Íslandspóstur hf. beri ábyrgð á grundvelli almennu skaðabótaareglunnar, sbr. umfjöllun kafla 4.3. Jafnframt leiði það af ákvæðum laga um pósthjónustu nr. 19/2002, að þar sem um tryggða sendingu hafi verið að ræða, geti skaðabótaábyrgð ekki stofnast samkvæmt ákvæði 45. gr. laganna, sbr. umfjöllun kafla 4.4.

4.2 Um húsbóndaábyrgð Íslandspóstshf.

4.2.1 Að áliti Íslandspóstshf. brýtur niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar, um að Íslandspóstur hf. beri ábyrgð á umræddu tjóni Landsbanka Íslands hf. á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, berlega í bága við sjónarmið þau sem liggja til grundvallar umræddri reglu.

4.2.2 Til grundvallar reglunnar um vinnuveitendaábyrgð liggja meðal annars þau sjónarmið að það sé vinnuveitandinn sem standi fyrir þeirri starfsemi þar sem tjóni sé valdið. Hann ráði ferðinni í rekstrinum, hann taki ákvarðanir um hvað gera skuli, velji starfsmenn og ákveði verkaskiptingu. Vinnuveitandi geti einnig metið áhættu sína betur en t.d. starfsmaðurinn og á grundvelli þess mats ákveðið, hvort hann taki ábyrgðartryggingu til þess að takmarka hana. Reglan um vinnuveitendaábyrgð hafi líka varnaðaráhrif í þeim skilningi að vinnuveitandi vandi betur val á starfsmönnum og leiðbeiningar til þeirra. Í ljósi framangreindra atriða er meðal annars talið

„réttlátt“ og „eðlilegt“ að vinnuveitandi beri ábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna. Með öðrum orðum að í raun sé um að ræða „dulda“ sök vinnuveitanda.

4.2.3 Að álitum Íslandspóstshf. eiga ofangreind undirstöðurök reglunnar um húsbóndaábyrgð fráleitt við í máli þessu. Því bresti algjörlega þær forsendur sem liggja til grundvallar niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar um húsbóndaábyrgð Íslandspóstshf. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að álitum Íslandspóstshf. að horfa til þess að Landsbanki Íslands hf. greiddi fyrir umrædda sendingu kr. 480 í tryggingagjald, til viðbótar burðargjaldinu. Sendingin var þannig tryggð fyrir verðmæti að fjárhæð kr. 10.000. Íslandspóstur hf. var hins vegar algjörlega grandlaus um að félaginu hefði verið falið að flytja verulegar peningafjárhæðir, enda slík starfsemi almennt ekki á verksviði fyrirtækisins, hvorki fyrir Landsbanka Íslands hf. né aðra, a.m.k. ekki þannig að fyrirtækinu sé kunnugt um slíkt. Þvert á móti stóð Íslandspóstur hf. að sjálfsögðu í þeirri trú að verðmæti sendingarinnar endurspegladi hið greidda tryggingagjald, svo sem tíðkanlegt er. Meðferð Íslandspóstshf. á umræddri sendingu tók mið af þessu. Hefði Íslandspósti hf. verið kunnugt um að fyrirtækinu væri með umræddri sendingu ætlað að flytja verulegar peningafjárhæðir, og Íslandspóstur hf. hefði samþykkt á annað borð að taka sendinguna að sér, má ráðgera að verklag fyrirtækisins, þ.m.t. ferlivöktun, hefði verið með öðrum hætti. Að þessu sögðu er ljóst að sjónarmið þau sem liggja til grundvallar reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, þ.m.t. sjónarmið um leiðbeiningarskyldu vinnuveitanda, val vinnuveitanda á starfsmönnum og að það sé vinnuveitanda að ákveða hvernig vinna eigi viðkomandi verk o.þ.u.l., sbr. að framan, eiga ekki við í málinu. Forsendur þær sem virðast liggja til grundvallar niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar, þ. á m. um að „óhætt [sé] að slá því föstu að Íslandspósti hf. hafi mátt vera ljós sú hættu að starfsmaður á vegum fyrirtækisins kynni að hegða sér með þeim hætti sem raunin varð“, eða með öðrum orðum að um nokkurs konar „dulda“ sök sé að ræða af hálfu Íslandspóstshf. sem vinnuveitanda, eiga þannig ekki með nokkru móti við. Önnur niðurstæða felur í sér að skaðabótaskylda sé lögð á Íslandspóst hf. vegna framkvæmda tiltekins starfs, sem var allt annars eðlis en Íslandspóstur hf. hafði tilefni til þess að ætla. Slíkt fær að mati Íslandspóstshf. ekki staðist að lögum.

4.2.4 Af hálfu Íslandspóstshf. er jafnframt vakin athygli á því í þessu sambandi að þegar um er að ræða refsiverða háttsemi starfsmanns, svo sem hér var ástætt, hefur í skaðabótarétti að meginreglu verið talið að slík háttsemi falli utan reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Með öðrum orðum að háttsemi starfsmanns sé ekki í nægilega nánnum tengslum við starf hans fyrir vinnuveitanda til þess að bótaábyrgð verði lögð á hann. Af þessari ástæðu einni, verður heldur ekki séð að Íslandspóstur hf. geti borið skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því í þessu tilliti að þær undantekningar sem taldar hafa verið heimiladar frá framangreindri meginreglu, þ.e. að vinnuveitandi geti borið ábyrgð ef aðstæða sú sem starfsmaður er í fyrir vinnuveitanda er þess valdandi að hann geti unnið umrætt skaðaverk jafnvel þótt það falli utan starfsskyldna hans, eiga klárlega ekki við í þessu máli. Í þessum efnum er á það að líta, að jafnvel þó svo að fyrrverandi starfsmaður Íslandspóstshf. hafi í skjóli aðstöðu sinnar getað unnið umrætt skaðaverk, verður ekki fram hjá því litið að hann hefði aldrei verið í slíkri aðstöðu, hefði Íslandspósti hf. verið ljóst, að fyrirtækinu hefði verið falið flutningur á verulegum fjármunum, sbr. og að framan.

4.3 Um bótaábyrgð Íslandspóstshf. skv. almennu skaðabótareglunni

Ljóst er að sömu rök og reifuð hafa verið hér að framan leiða jafnframt til þess að Íslandspóstur hf. verður ekki talinn bera ábyrgð á umræddu tjóni með vísun til almennu skaðabótareglunnar. Hefði Íslandspósti hf. verið kunnugt um að fyrirtækinu væri með umræddri sendingu ætlað að flytja verulegar peningaffjárhæðir, og Íslandspóstur hf. hefði samþykkt á annað borð að taka sendinguna að sér má ráðgera að verklag fyrirtækisins, þ.m.t. ferlivöktun, hefði verið með öðrum hætti.

4.4 Um samspil 41. og 45. gr. laga nr. 19/2002

4.4.1 Svo sem fyrr er rakið var í hinni kærðu ákvörðun hafnað þeim sjónarmiðum Íslandspósts hf. að ekki væri unnt að fallast á kröfur Landsbanka Íslands hf. með vísun til þess að um bætur til bankans færi samkvæmt 41. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu. Var það meðal annars niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þegar horft væri til orðalags 41. gr. laganna um að tilgreina skyldi tryggingarupphæð við afhendingu sendingar, væri óvíst að samkomulag Íslandspósts hf. og Landsbanka Íslands hf., sem falið hefði í sér fastbundna tryggingarupphæð vegna flutnings á öllum verðsendingum óháð verðmæti þeirra, yrði talið til þjónustu um tryggða sendingu í skilningi ákvæðisins. Varðandi þýðingu 41. gr. laganna við úrlausn málsins yrði jafnframt að horfa til þeirrar meginreglu sem gildi um samspil trygginga annars vegar og skaðabótaábyrgðar hins vegar. Almenn stofnaðist skaðabótaréttur ekki vegna tjóns sem munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tæki til, sbr. ákvæði 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Hins vegar ætti þessi regla ekki við samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins þegar tjóni væri valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Ekki væri um það deilt að tjón Landsbanka Íslands hf. yrði rakið til ásetnings starfsmanns Íslandspósts hf. um að stela ofangreindum fjármunum.

4.4.2 Að mati Íslandspósts hf. fær þetta ekki staðist. Óumdeilt er, með hliðsjón af gjaldtöku fyrirtækisins fyrir sendinguna, sem meðal annars kemur fram í verðlagningu á þjónustunni, að um tryggða sendingu hafi verið að ræða, sbr. að framan. Nánar tiltekið voru kr. 480 greiddar í sérstakt tryggingagjald (verðbréf innanlands), til viðbótar burðargjaldinu (sem miðaðist við venjulegt ábyrgðarbréf innanlands, þ.e. kr. 355), en tryggingagjaldið tryggði sendinguna fyrir verðmæti að fjárhæð kr. 10.000 (kr. 240 fyrir hverjar kr. 5000 í tryggingu).

4.4.3 Samkvæmt 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu getur Póst- og fjarskiptastofnun „í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að póstrekkandi skuli **þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir** greiða skaðabætur fyrir póstsendingar ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekkanda eða starfsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við“ (áherslubl. undirr.). Tilvísað ákvæði heimilar því meðal annars greiðslu skaðabóta „þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir“. Að mati Íslandspósts hf. fær það ekki staðist að líta á tryggða sendingu sem raunverulega ábyrgðartakmörkun. Ákvörðunarorð Póst- og fjarskiptastofnunar þess efnis, með vísun til 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, „að ábyrgðartakmarkanir samkvæmt XIV. kafla laganna eigi ekki við um það tjón sem [Landsbanki Íslands hf.] varð fyrir“ og að Íslandspóstur hf. eigi af þessum sökum að greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur, fái því jafnframt ekki staðist.

4.4.4 Að mati Íslandspósts hf. verður nánar tiltekið að telja óumdeilt að með hugtakinu „ábyrgðartakmörkun“ í skilningi 45. gr. laga um pósthjónustu sé vísað til sérstakra ábyrgðartakmarkana 38. – 40. gr. laganna, en ekki til 41. gr. þeirra.

Samkvæmt 38. gr. laganna er „[p]óstrekendum [...] ekki skylt að greiða skaðabætur þó að póstsendingum seinki“ (áherslubl. undirr.). Samkvæmt 39. gr. laganna er póstrekkendum „heldur ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti“ (áherslubl. undirr.). Samkvæmt tilvísuðum ákvæðum verður sendandi því að hlíta því að póstrekkandi sé ekki skaðabótaskyldur vegna seinkunar á sendingu eða vegna glataðrar sendingar. Samkvæmt 40. gr. laganna skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekkendum ber að taka á sig vegna glataðra ábyrgðarsendinga. Tilvísuð ákvæði fela í sér lögbundnar ábyrgðartakmarkanir póstrekkanda sem sendandi er bundinn af, hvort sem honum líkar betur eða verr. Stafti tjón hins vegar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekkanda eða starfsmanna hans getur verið eðlilegt að í sérstökum tilvikum sé póstrekkandi þá skaðabótaskyldur, sbr. ákvæði 45. gr. laganna. Þessi rök eiga hins vegar ekki við um tryggðar póstsendingar. Með því að tryggja póstsendingu getur sendandi þvert á móti tryggt sig gegn hvers konar tjóni. Hann þarf því ekki að sæta áðurgreindum lögbundnum ábyrgðartakmörkunum. Hvers konar takmörkun ábyrgðar póstrekkanda verður þvert á móti aðeins vegna gjörða sendandans sjálfs, þ.e. kjósi hann að tryggja ekki viðkomandi sendingu í samræmi við raunverulegt verðgildi hennar og taki þannig sjálfur áhættu, ekki vegna ákvæða laga um pósthjónustu nr. 19/2002. „Sanngirnisákvæði“ 45. gr. laganna vegna ábyrgðartakmarkana getur því ekki náð til tryggðra sendinga að áliti Íslandspósts hf. Er þetta í samræmi við þá grunnreglu vátryggingaréttar, að tilgreind tryggingaffjárhæð teljist ætíð hlutræn viðmiðun ábyrgðar félagsins.

4.4.5 Íslandspóstur hf. leyfir sér einnig í þessu sambandi að áréttta að samkvæmt 4. mgr. 33. gr. laga um pósthjónustu mega ekki aðrar sendingar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar innihalda peningaseðla. Með tilvísuðu ákvæði er væntanlega horft til þess að pósthjónusta er ekki sniðin sérstaklega að flutningi peninga, eins og gildir um öryggishjónustu ýmiss konar. Fráleitt hlýtur með öllu að teljast, með hliðsjón af framangreindu, að fari svo að sendandi ákveði að kaupa lögbodna tryggingu í engu samræmi við raunverulegt verðmæti sendingar, sem aftur leiðir til þess að sendingin fær ekki sömu öryggismeðferð og ella, skuli áhætta póstrekkandans eftir sem áður getað miðast við raungildi sendingarinnar. Áhætta sendanda og póstrekkanda hljóta að fara saman.

5. Lagarök.

Um lagarök vísar kærandi til laga nr. 19/2002 um pósthjónustu auk almennra reglna skaðabótaréttar.

Að öðru leyti vísast til hinnar kærðu ákvörðunar PFS og fylgiskjala að öðru leyti.

3.0 Málsástæður PFS.

Póst og fjarskiptastofnun telur sjónarmið sín hafa komið skýrt fram í hinni kærðu ákvörðun en gerir eftirfarandi athugasemdir við málalíbúnað Íslandspósts hf. í bréfi til nefndarinnar dags. 14. febrúar 2006:

I.

Í hinni kærðu ákvörðun komst Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu, með vísan til 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, að ábyrgðartakmarkanir

samkvæmt XIV. kafla laganna ættu ekki við um það fjártlón sem Landsbanki Íslands hf. varð fyrir þegar starfsmaður Íslandspóstur hf. stal verðmætasendingu í vörslu fyrirtækisins. Af þeim sökum skyldi Íslandspóstur hf. greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur. Um forsendur niðurstöðunnar vísast til rökstuðnings í hinni kærðu ákvörðun.

Með kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, dags. 25. janúar 2006, hefur Íslandspóstur hf. krafist þess að ákvörðuninni verði hrundið og breytt á þann veg að honum beri ekki að greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur fyrir það fjártlón sem bankinn varð fyrir. Í kærinni eru ekki gerðar athugasemdir við málsmeðferð stofnunarinnar á málinu né heldur er ágreiningur um málsatvik. Á hinn bóginn getur kærandi ekki fallist á þær forsendur sem hin kærða ákvörðun byggir á. Er því í fyrsta lagi haldið fram að sú niðurstaða stofnunarinnar, að Íslandspóstur hf. beri skaðabótaábyrgð á fjártlóni Landsbanka Íslands hf., samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð, fái ekki staðist þau sjónarmið sem liggi bótareglunni til grundvallar. Í öðru lagi telur kærandi að skaðabætur samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu komi heldur ekki til greina. Í þriðja lagi leiði það af ákvæðum laga um pósthjónustu nr. 19/2002, að þar sem um tryggða sendingu hafi verið að ræða, geti skaðabótaábyrgð ekki stofnast samkvæmt 45. gr. laganna.

Telur Póst- og fjarskiptastofnun að niðurstaða stofnunarinnar varðandi framangreind atriði séu útarlega rökstudd í hinni kærðu ákvörðun. Engu að síður telur stofnunin að kæra Íslandspóstur hf. gefi tilefni til eftirfarandi athugasemda.

II.

1. Um vinnuveitendaábyrgð Íslandspóstur hf.

1.1.

Telur Íslandspóstur hf. að ekki séu forsendur til þess að fella vinnuveitendaábyrgð á fyrirtækið í þessu máli með tilliti til þeirra sjónarmiða sem liggja bótareglunni til grundvallar. Eru þau m.a. „að það sé vinnuveitandinn sem standi fyrir þeirri starfsemi þar sem tjóni sé valdið. Hann ráði ferðinni í rekstrinum, hann taki ákvarðanir um hvað gera skuli, velji starfsmenn og ákveði verkaskiptingu. Vinnuveitandi geti einnig metið áhættu sína betur en t.d. starfsmaðurinn og á grundvelli þess mats ákveðið, hvort hann taki ábyrgðartryggingu til þess að takmarka hana. Reglan um vinnuveitendaábyrgð hafi líka varnaðaráhrif í þeim skilningi að vinnuveitandi vandi betur val á starfsmönnum og leiðbeiningar til þeirra.“

Er það álit Íslandspóstur hf. að framangreind sjónarmið eigi ekki við í málinu þar sem fyrirtækið hafi verið algjörlega grandlaust um að því hefði verið falið að flytja verulegar peningafjárhæðir fyrir Landsbanka Íslands hf. Í því sambandi er vísað til þess að Landsbanki Íslands hf. hafi greitt 480 kr. tryggingargjald til viðbótar burðargjaldinu og hafi því sendingin einungis verið tryggð fyrir fjárhæð að upphæð kr. 10.000.

Telur Póst- og fjarskiptastofnun þessa röksemdafærslu Íslandspóstur hf. ekki standast. Að áliti stofnunarinnar verður það að teljast mjög ósennilegt að fyrirtækinu hafi verið ókunnugt um að því væri með reglubundnum hætti falið að flytja verulegar fjárhæðir fyrir Landsbanka Íslands hf. eins og í umrætt sinn þegar starfsmaður á vegum þess stal verðmætasendingu í eigu bankans þann 10. júní 2003. Þessu til stuðnings vísar

Póst- og fjarskiptastofnun til sammings á milli umræddra aðila, dags. 11. mars 1998, þar sem m.a. er kveðið á um að Íslandspóstur hf. annist peningaflutninga fyrir Landsbanka Íslands hf., sbr eftirfarandi:

„Verðböggjar eru sóttir til Seðlabanka af tveimur starfsmönnum þegar aðalféhirðir Landsbankans óskar eftir. Um er að ræða ferðir eftir hádegi. Farið er racleitt með þessar sendingar til Póstmiðstöðvar. Einnig er farið með verðböggla frá útibúum á landsbyggðinni til Seðlabanka af tveimur starfsmönnum þegar slíkar sendingar berast til Póstmiðstöðvar.“

Af samningnum má ráða að Landsbanki Íslands hf. hafi greitt fast gjald vegna þessarar þjónustu óháð verðmæti sendinganna. Með tilliti til orðalags sammingsins og sérstakrar ferillýsingar, sem Íslandspóstur hf. lagði fram, vegna flutnings á verðsendingum frá bönkum í Reykjavík, verður þó að telja ótvírætt að fyrirtækinu hafi verið kunnugt um að verðmæti umræddra sendinga hafi verið umtalsvert.

Telur Póst- og fjarskiptastofnun því að meginsjónarmiðin að baki vinnuveitendaábyrgð eigi við í þessu máli, t.d. leiðbeiningaskylda vinnuveitanda um öruggt verklag, sbr. ferilvöktun sendinga, og val hans á traustum starfsmönnum til þess að gegna starfinu. Ekki er þó nauðsynlegt að sýna fram á gáleysi Íslandspósts hf. í þessum efnum þar sem sök umrædds starfsmanns er samsömuð fyrirtækinu, sbr. inntak bótareglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

1.2.

Þá er í kærðu Íslandspóst hf. vakin athygli á því að þegar um er að ræða refsiverða háttsemi starfsmanns, eins og eigi við í þessu máli, gildi sú meginregla í skaðabótarétti að slík hegðun falli fyrir utan regluna um vinnuveitendaábyrgð. Með öðrum orðum er því haldið fram að háttsemi starfsmannsins hafi ekki verið í nægilega nánnum tengslum við starf hans fyrir vinnuveitanda til þess að bótaábyrgð verði lögð á hann.

Í tilefni af þessari röksemd vísar Póst- og fjarskiptastofnun til þeirrar réttarþróunar sem átt hefur sér stað síðustu ár sem bendir til þess að dómstólar hafi fært út mörk vinnuveitendaábyrgðar þegar um er að ræða refsiverða háttsemi starfsmanns. Nægir í þessu sambandi að nefna nýlegan dóm Hæstaréttar frá 28. september 2000 (nr.142/2000), þar sem Reykjavíkurborg var talin bera vinnuveitendaábyrgð þegar starfsmaður á hennar vegum, sem sinnti heimaþjónustu við aldraða, dró sér fé af bankareikningi eins af skjólstaðingum þjónustunnar. Er þetta enn fremur í samræmi við þróun sem hefur átt sér stað í Danmörku, sbr. Ufr 1994 (bls. 695).

Það sem ræður hins vegar mestu að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar eru kringumstæður þessa máls. En ljóst má vera að umræddur starfsmaður færði sér í nyt vitneskju og aðstöðu sem hann öðlaðist vegna starfa sinna fyrir Íslandspóst hf. til þess að framkvæma þjófnaðinn. Telur Póst- og fjarskiptastofnun því ekki annað koma til greina en að Íslandspóstur hf. beri vinnuveitendaábyrgð vegna þess fjártjóns sem starfsmaður fyrirtækisins bakaði Landsbanka Íslands hf. með þjófnaði sínum.

2. Um bótaábyrgð Íslandspósts hf. samkvæmt almennu skaðabótareglunni

Í hinni kærðu ákvörðun er byggt á því að Íslandspóstur hf. beri vinnuveitendaábyrgð, sbr. framangreint. Var því ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort ferilvöktun og

viðbragðssvörun af hálfu Íslandspósts hf. hafi verið með þeim hætti að um gáleysi hans hafi verið að ræða.

Hins vegar liggur fyrir samkvæmt rannsókn lögreglunnar í Keflavík, sbr. lögregluskýrslu í málinu dags. 1. júlí 2003, að fram hafi komið hnökrar á ferilvöktun verðmætasendinga og viðbragðssvörun hjá Íslandspósti hf. Er því ekki útilokað að Íslandspóstur hf. sé bótaskyldur samkvæmt hinn almennu skaðabótareglu.

3. Varðandi tryggðar sendingar

3.1.

Í bréfum sínum hefur Íslandspóstur hf. byggt á því að umrædd sending hafi verið tryggð sending samkvæmt 41. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu. Af þeim sökum eigi Landsbanki Íslands hf. einungis kröfu um að fá greidda váttryggingarfjárhæð sendingarinnar. Í kærinni segir m.a. eftirfarandi:

„Óumdeilt er, með hliðsjón af gjaldtöku fyrir sendinguna, sem m.a. kemur fram í verðlagningu á þjónustunni, að um tryggða sendingu hafi verið að ræða, sbr. að framan. Nánar tiltekið voru kr. 480 greiddar í sérstakt tryggingagjald (verðbréf innanlands) til viðbótar burðargjaldinu (sem miðast við venjulegt ábyrgðarbréf innanlands, þ.e. kr. 355), en tryggingagjaldið tryggði sendinguna fyrir verðmæti að fjárhæð kr. 10.000 (kr. 240 fyrir hverjar 5000 í tryggingu).“

Eins og rakið er í hinni kærðu ákvörðun getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki fallist á þetta sjónarmið Íslandspósts hf. Er þá litið til þess að fyrirtækið hefur ekki lagt fram nein gögn (kvittanir eða útfyllt eyðublöð) sem styðja þá fullyrðingu að Landsbanki Íslands hf. hafi greitt sérstakt tryggingagjald fyrir umrædda sendingu. Jafnframt því sem fyrrnefndur þjónustusamningur milli aðila kveður á um fasta greiðslu vegna flutnings verðmætasendinga, án þess að nokkrum orðum sé vikið að því að slíkar sendingar séu með einhverju móti tryggðar. Raunar hefur því ekki verið mótmælt af hálfu Íslandspósts hf. að Landsbanki Íslands hf. hafi greitt fast gjald fyrir þessa þjónustu án tillits til verðmætis umræddra sendinga.

Telur Póst- og fjarskiptastofnun að slíkt fyrirkomulag fái ekki samrýmst orðalagi 41. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, auk þess sem það brjóti í grundvallaratriðum gegn markmiði og tilgangi ákvæðisins, þ.e. að gefa sendendum pósts kost á því að kaupa sér einfalda og raunhæfa tryggingu á verði sem stendur í réttu hlutfalli við verðmæti sendingarinnar og hugsanlegrar áhættu á því að hún glatist eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekinda.

Kemur þessi skilningur fram í núgildandi viðskiptaskilmálum Íslandspósts hf., en þar segir, sbr. meðfylgjandi ljósrit, að iðgjald tryggðrar sendingar fari eftir verðmæti hennar (0,005 x verðmæti sendingar). Jafnframt því sem gerð er krafa um að sendandi tilgreini sérstaklega, á þar til gerðu eyðublaði, bæði innihald og verðmæti sendingar.

Með vísan til alls þessa telur Póst- og fjarskiptastofnun að ekki komi til álita að byggja á 41. gr. laga nr. 19/2002 varðandi bætur til Landsbanka Íslands hf.

3.2.

Þá er því haldið fram í kærinni að 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, sem Póst- og fjarskiptastofnun byggir ákvörðun sína á, heimili einungis að vikið sé frá lögbundnum ábyrgðartakmörkunum samkvæmt XIV. kafla laganna. Aftur á móti sé ekki hægt að líta á 41. gr. í þessum kafla laganna, er varðar tryggðar sendingar, sem raunverulega ábyrgðartakmörkun.

Varðandi þetta sjónarmið Íslandspóst hf. verður fyrst að líta til þess að í hinni kærðu ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var því hafnað að 41. gr. laganna ætti við í þessu máli. Þegar af þeirri ástæðu kemur framangreind röksemd ekki til álita.

Þá er það enn fremur skoðun Póst- og fjarskiptastofnunar að framangreind lögskýring Íslandspósts hf. sé hæpin. Því með tilliti til þeirrar meginreglu að bótaréttur stofnist ekki vegna tjóns sem munatrygging tekur til, sbr. 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, er vissulega um að ræða ábyrgðartakmörkun í skilningi 45. gr. laganna.

III.

Þegar litið er til framangreindra röksemda Íslandspósts hf. er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að þær fái ekki hnekkt ákvörðun stofnunarinnar frá því 29. desember 2005 í máli Landsbanka Íslands hf. á hendur Íslandspósti hf. um greiðslu skaðabóta. Er því gerð krafa um að Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfesti að umrædd ákvörðun stofnunarinnar skuli standa óhögguð.

Vísast að öðru leyti til hinnar kærðu ákvörðunar PFS frá 29. desember 2005.

4.0 Málsástæður Landsbanka Íslands hf.

Fyrir utan þau sjónarmið sem Landsbanki Íslands hf. setur fram í umfjöllun málsins fyrir Póst- og fjarskiptastofnun gerir fyrirtækið eftirfarandi athugasemdir við málatilbúnað Íslandspósts hf. í bréfi frá 27. febrúar 2006:

Kærandi hafði verið í samningssambandi við Landsbankann um flutninga frá því á árinu 1998 sbr. samkomulag Íslandspósts hf. og Landsbanka Íslands hf dags. 11. mars 1998. Með ódags. viðauka er fjallað um allan flutning til útibúa Landsbankans á Suðurnesjum. Þar kemur fram að um gjaldtöku fari samkvæmt gjaldskrá fyrirtækjahljónustu Póstsins.

Í aðalsamkomulagi Íslandspósts hf. og Landsbankans kemur fram að þegar verðbögglar eru sóttir til Seðlabanka Íslands á að greiða kr. 1500 fyrir hverja ferð.

Augljóslega er því um að ræða fast gjald fyrir þjónustu burtséð frá verðmæti sendinga hverju sinni og var kæranda ljóst eða mátti vera ljóst samkvæmt samningnum að verðmætasendingar væru hluti af sendingum til útibúa Landsbankans á Suðurnesjum a.m.k. fór það ekki framhjá þessum ákveðna starfsmanni Íslandspósts hf. Ekki er að efa að aðrir starfsmenn þess hafa fyrirtækis hafa einnig vitað af því.

Í ferli lýsingu póstsendinga er framkvæmdin síðan greind niður eftir mismunandi innihaldi en þar kemur fram að ábyrgðarbréf og verðbréf fari ásamt öðrum verðbréfum í póstpoka sem er innsiglaður. Sá poki fer síðan í annan poka sem einnig er innsiglaður. Verðbögglar fara í einn póstpoka sem er innsiglaður. Pokarnir eru

skráðir á póstflutningaskrá sem fylgir flutningnum alla leið á ákvörðunarstað þar sem er kvittað fyrir öllum flutningnum.

Við komu til ákvörðunarpóssstöðvar eru sendingar flokkaðar og á þeim stöðum þar sem um fyrirtækjaþjónustu er að ræða eru sendingar keyrðar til viðtakanda. Með viðaukaanum var einmitt samið um það að Íslandspóstur hf. flytti sendingar alla leið í útbúin.

Ofangreind ferli lýsing gefur skýra vísbendingu um að fyrirtækinu Íslandspósti hf. var vel kunnugt um að það væri að flytja alls kyns sendingar fyrir Landsbankann þ.á.m. verðmætasendingar.

Fráleitt er að öllu ofangreindu virtu að halda því fram að Landsbankinn hafi keypt tryggingu fyrir fjárhæð kr. 10.000 og eigi því ekki rétt á hærri fjárhæð vegna þess tjóns sem bankinn varð fyrir.

Kærandi mótmælir því að Íslandspóstur hf. beri húsbóndaábyrgð á starfsmanni sínum við þessar tilteknu aðstæður og virðist byggja á því að sendingin sé tryggð og að ekki hafi verið kunnugt um verðmæti sendingarinnar auk þess sem refsiverð háttsemi starfsmanns Íslandspósts hf. falli utan reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Í HRD. nr. 142/2000 er fjallað um skaðabætur innan samninga vegna þess að starfsmaður Reykjavíkurborgar hafði dregið sér fé af bankabókum eins af skjólstaðingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Var niðurstaða þess máls þ.e. skaðabótaskylda Reykjavíkurborgar vegna refsiverðrar háttsemi starfsmanns byggð á því að háttsemin hefði verið í þeim tengslum við starf starfsmannsins að fella yrði á borgina skaðabótaskyldu vegna tjóns af völdum hennar.

Verður ekki betur séð en að sömu rök eigi við í þessu álitaefni og fram komu í dómi Hæstaréttar.

Íslandspóstur hf. réði starfsmanninn til sín, hafði með honum eftirlitsskyldu og stjórnunarvald. Íslandspóstur hf. stóð fyrir og hefur tekjur sínar m.a. af þeirri starfsemi sem hér er um fjallað. Íslandspóstur hf. útbjó ferli lýsingar fyrir flutninga Landsbankans og bar því fulla ábyrgð á þeim flutningum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að starfsmaður þeirra stal sendingunni og olli Landsbankanum með því tjóni því sem nú er krafð um að verði bætt.

Nýtti starfsmaður Íslandspósts hf. þannig þá aðstöðu sem fyrirtækið lét honum í té og treysti honum fyrir sem var reyndar virt honum til refsipýngingar sbr ummæli í dómi héraðsdóms.

Samkvæmt dómi héraðsdóms í máli fyrrverandi starfsmanns Íslandspósts hf. var brot ákærða stórfellt í skilningi 2. mgr. 244. gr. alm. hgl.

Samkvæmt lögregluskýrslu dags. 1. júlí 2003 komu fram við rannsóknina hnökRAR á ferilvöktun verðmætasendinga og viðbragðssvörun hjá Íslandspósti en hvarf sendingarinnar var ekki tilkynnt lögreglu fyrr en rúmum tveimur sólarhringum eftir að ljóst varð um hvarfið.

Þetta er álit lögreglunnar og við það verður að miða enda hefur Íslandspóstur hf. ekki sýnt fram á að þetta hafi verið rangt mat lögreglunnar á þessum tíma.

Það kom einnig fram að fyrrum starfsmanni Íslandspósts hf. tókst á þeim rúmum tveimur sólarhringum sem liðu uns lögreglu var gert viðvart að eyða þó nokkrum fjármunum sem koma hefði mátt í veg fyrir ef Íslandspóstur hf. hefði hegðað sér með góðum og gegnum hætti og í samræmi við þær reglur sem gilda eiga um slíkar sendingar.

Þannig var það ekki eingöngu starfsmaður Íslandspósts hf. sem tók sendinguna með sér heim heldur brást fyrirtækið skyldum sínum með því að tilkynna ekki hvarfið fyrr en rúmum tveimur sólarhringum eftir að það átti sér stað.

Getur slík hegðun fyrirtækis sem auglýsir svo á heimasíðu sinni

“Með okkur fer sendingin þín alla leið heim að dyrum. Öruggt og öflugt dreifikerfi okkar tryggir að sendingin þín kemst í réttar hendur, innanlands eða utan. Við einfaldlega sjáum um allan pakkann.”

ekki talist forsvaranleg og verður að telja að 45. gr. laga nr. 19/2002 eigi hér beinlínis við samkvæmt skýru orðalagi þeirrar greinar þ.e. ef nefndin telur að sendingin hafi verið tryggð líkt og Íslandspóstur hf. heldur fram en hefur ekki lagt fram nein gögn því til staðfestingar.

Lagatúlkun kæranda um að 45. gr. laga nr. 19/2002 vísi eingöngu til 38. – 40. gr. sl. en ekki 41. gr. þeirra laga styðst ekki við nein lögskýringargögn.

Í athugasemdum með frumvarpinu er eingöngu vísað til þess að efni sé mjög líkt 41. gr. þágildandi laga en að öðru leyti er ákvæðið ekki skýrt. Verður að telja að ákvæði 45. gr. laga nr. 19/2002 eigi við um allan XIV kafla laganna enda væri óeðlilegt að öðrum kosti að hafa ákvæðið á þessum stað í lögunum. Til frekari rökstuðnings þessari túlkun kemur eftirfarandi fram í frumvarpinu:

*“**XIV. kafli ber heitið skaðabætur og er þar að finna ákvæði um takmörkun ábyrgðar vegna pósthjónustu.** Rétt er að benda á ákvæði 38. gr. um tryggðar sendingar en í gildandi lögum er hugtakið verðsendingar notað um þessar sendingar. Ákvæði kaflans eru ekki einskorðuð við alþjónustu heldur eiga við alla pósthjónustu.” (áherslubr. undirritaðs)*

Samkvæmt þessu er það mat löggjafans að allur kafliinn feli í sér ábyrgðartakmörkun ekki eingöngu ákvæði 38. – 40. gr.

Íslandspóstur hf. hefur breytt viðskiptaskilmálum sínum eftir ofangreindan atburð hvort sem orsökina er þessi ákveðni atburður eða annað.

Í dag kemur fram í viðskiptaskilmálum að iðgjald tryggðra sendinga fari eftir verðmæti hennar. Þarf þá að tilgreina innihald og verðmæti. Skilmálar þessir voru ekki með sama hætti þegar umrætt tjón varð en af þessu má draga þá augljósu ályktun að Íslandspóstur hf. hafi komist að því að skilmálar sem þá giltu hafi ekki verið fullnægjandi. Þar er hámark tryggingarfjárhæðar tilgreint sem kr. 500.000 en ef vilji er til að tryggja meira er bent á tryggingarfélag.

Íslandspóstur hf. tekur að sér ákveðið verk samkvæmt samningi við Landsbankann. Verkið er á sérsviði Íslandspósts hf. þ.e. að flytja sendingar frá einum stað til annars. Um þetta er gerður samningur í mars mánuði 1998. Er gerður viðauki við þann samning sem er ódagsettur.

Í samkomulagi kæranda og Landsbankans kemur ekkert fram um tryggingar eða skiptingu milli trygginga og burðargjalds heldur er um að ræða fast gjald í samkomulagi við mjög stóran viðskiptavin. Þar er enginn áskilnaður um það að Landsbankinn eigi ekki rétt á bótum vegna tjóns eða að bætur verði takmarkaðar við tryggingarfjárhæð (enda engin slík fjárhæð tilnefnd).

Hvergi í samningnum né viðaukanum er nein ábyrgðartakmörkun vegna trygginga né annað sem bendir til þess að Landsbankanum beri skylda til að tryggja sérstaklega þær sendingar sem eru meira virði en almennar sendingar. Hvergi koma fram neinar ábendingar um það að Íslandspóstur muni ekki sinni ferli vöktun eða tilkynna lögreglu um glataðar sendingar nema í fyrsta lagi eftir rúma tvo sólarhringa.

Landsbankinn greiðir fyrir sendingarnar samkvæmt samningnum án nokkura athugasemda af hálfu kæranda. Þegar Landsbankinn verður fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi starfsmanns kæranda og kærandi bregst ekki við atburðum m.a. með tilkynningu til lögreglu vísar kærandi til þess að sendingin hafi verið tryggð fyrir kr. 10.000 og jafnvel að Íslandspóstur hf. hafi ekki átt að flytja slíka sendingu. Þar með sé kærandi ekki bótaskyldur fyrir tjóni Landsbankans.

Eru þetta góðir og gegnir viðskiptahættir? Er það virkilega svo að þegar samið er við fyrirtæki sem gefur sig út fyrir að skila sendingunni heim að dyrum og er sérfræðingur á sínu sviði að það beri enga ábyrgð á sinni starfsemi og enga ábyrgð á sínum starfsmönnum?

Ekki er deilt um ásetning starfsmanns Íslandspósts hf. og það er óumdeilanlega stórfellt gáleysi að tilkynna ekki hvarfið í rúma tvo sólarhringa eftir að það á sér stað. Kærandi hefur ekki reynt að útskýra hvernig á því stóð að rúmum tveim sólarhringum liðu uns lögreglu var tilkynnt um hvarfið.

Að öllu þessu virtu telur Landsbankinn að sjónarmið Íslandspósts hf. sem fram koma í kærnu eigi ekki við í máli þessu og því skuli hin kærða ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar standa óhögguð.

Landsbanki Íslands hf. gerir einnig eftirfarandi almenna athugasemd sem felur í sér kröfu um frávísun:

Landsbanka Íslands hf. er ekki kunnugt um hvenær kæra Íslandspósts hf. barst úrskurðarnefndinni en kærnan er dagsett 25. janúar 2006. Sá dagur er miðað við 4 fjögurra vikna frestinn í lögunum lokadagur frestsins miðað við að úrskurðurinn er dagsettur 29. desember 2005.

Væntir Landsbankinn þess að úrskurðarnefndin vísi máli þessu frá án frekari skoðunar ef svo reynist að kærnan hafi borist nefndinin eftir að ofangreindur frestur rann út. Þar sem upplýsingar liggja ekki fyrir er nauðsynlegt að gera þessa athugasemd.

Að öðru leyti vísast til hinnar kærðu ákvörðun PFS frá 29. desember og fylgiskjala með henni.

5.0 Niðurstaða.

Vegna frávísunarkröfu Landsbanka Íslands hf. upplýsir Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að kæra Íslandspóstshf. barst þann 25. janúar 2006 sem er innan kærufrests. Málið er því tekið til efnislegrar skoðunar.

Að mati nefndarinnar snýst ágreiningur málsaðila um það annars vegar hvort sendingin hefði verið tryggð, í skilningi 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og 41. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, og hins vegar um það hvort athæfi starfsmanns Íslandspóstshf. hafi verið í nægilegum tengslum við starf hans til þess að telja megi að vinnuveitandaábyrgð eigi við.

Í skjölum málsins sem og við munnlegan málflutning var nokkuð rætt um meinta bresti á ferilvöktun eða aðra hugsanlega vanrækslu Íslandspóstshf. Það er mat nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að slík vanræksla, ef einhver var, hafi verið stórfelld eða að í vanrækslunni hafi falist ásetningur. Í samræmi við 1.tl. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hafa þessi sjónarmið því ekki áhrif á niðurstöður hinnar kærðu ákvörðunar og verður ekki tekin afstaða til þeirra hér.

Hvað varðar fyrra atriðið vísar samningur aðilana frá 11. mars 1998 í gildandi gjaldskrá Íslandspóstshf. á hverjum tíma. Því hefur ekki verið mótmælt að slík gjaldskrá taki skýrt fram að hluti gjaldsins sé tryggingargjald. Lagt var fyrir nefndina reikningsyfirlit þar sem mátti sjá að Landsbanki Íslands hf. hafði athugasemdalaust greitt eftir gjaldskrá Íslandspóstshf. fyrir sendingar sínar og þar á meðal greitt fyrir þær tryggingagjald.

Landsbanki Íslands hf. er stórt og öflugt fyrirtæki með aðgang að allri þeirri sérfræðiaðstoð sem á þarf að halda. Ekki er unnt er að bera það fyrir sig að starfsmenn hafi ekki skilið samninginn sem þeir undirrituðu né kynnt sér gjaldskrána sem fylgdi með samningnum. Þá hefur ekkert komið fram sem styður það að samningurinn sé bersýnilega ósanngjarn og verður efni hans því að teljast hafa fullt gildi í lögskiptum aðila.

Telst því sannað að Landsbanki Íslands hf. hafi tryggt sendinguna sem um ræðir fyrir 10.000 krónur og greitt fyrir það 480 krónur og var sendingin sem Landsbanki Íslands hf. sendi með Íslandspósti hf. þann 6. júní 2003 því tryggð bæði í skilningi 41. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 og í skilningi 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Réttur til skaðabóta umfram tryggingu getur því aðeins skapast ef um sérstakar aðstæður samkvæmt undantekningarákvæði 45. gr. pósthjónustulaga er að ræða eða ef 2. mgr. 19. gr. skaðabótalaga á við.

Þarf því næst að úrskurða um það hvort mál þetta sé þannig vaxið að bótaskylda vegna ólögðmætrar háttsemi starfsmanns verði færð yfir á kæranda á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

Ákvæði 45. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 er undantekningaákvæði og þarf að jafnaði mikið til að koma til þess að réttlæta beitingu undantekningarákvæða. Ekki þykir því óeðlilegt í þessu tilviki að gera kröfu um ásetning eða stórfellt gáleysi af hálfu póstrekkanda eða starfsmanna hans ef telja má að tjónið verði í nægum tengslum við starf þeirra til þess að vinnuveitandaábyrgð verði beitt. Verður þessi túlkun að teljast í samræmi við túlkun á öðrum undantekningaákvæðum og auk þess samræmist hún notkun stofnunarinnar sjálfrar á ákvæðinu í hinni kærðu ákvörðun.

Ekki er dregið í efa að starfsmaður Íslandspóst hf. framdi brot sitt af ásetningi og hvað hann varðar er augljóst að 2. mgr. 19. gr. skaðabótalaga á við en viðfangsefni nefndarinnar er eins og áður sagði að skera úr um hvort brot umrædds starfsmanns hefði verið í nægilegum tengslum við starf hans til þess að réttlæta það að vinnuveitandaábyrgð sé lögð á Íslandspóst hf.

Í málsástæðum sínum og munnlegum flutningi bentu bæði PFS og Landsbanki Íslands hf. á fordæmi Hæstaréttar í *Hrd. 2000, bls. 2835*. Nefndin getur ekki séð að um nákvæmlega samskonar mál sé að ræða eða málavextir svo líkir að fordæmið eigi fortakslaust við í málinu. Skaðaverknaður í máli *Hrd. 2000, bls. 2835* er í mun meiri tengslum við starf tjónvalds en hægt er að segja um mál það sem er hér til úrskurðar. Forsendur Hæstaréttar fyrir niðurstöðu sinni í því máli eru aukinheldur byggðar að hluta til á því að Reykjavíkurborg, vinnuveitandinn í málinu, hefði ekki afmarkað starfssvið starfsmannsins nægilega vel og hafi tjónþoli mátt ætla að verknaður sá er olli tjóninu væri innan verksviðsins. Einnig er vikið að því hve skert félagsleg hæfni tjónþola í málinu var og skylda Reykjavíkurborgar til eftirlits því meiri. Þessi sjónarmið eiga ekki allskostar við í máli því er nú er fyrir úrskurðarnefndinni.

Tengsl starfs tjónvalds við verknaðinn eru að skaðinn varð í vinnutíma en ekki er hægt að fullyrða að tjónið hafi verið afleiðing af eðlilegum verkháttum né að vinnuveitanda ætti að vera ljóst sú áhætta sem stafaði af því að starfsmaður kynni að hegða sér á þennan hátt. Það var ekki hluti af verksviði þessa tiltekna starfsmanns að sendast með peninga að jafnaði og langt er frá því að það tilheyri eðlilegum starfsháttum að fara með peningana heim til sín, fela þá og eyða stórum hlut þeirra. Umdeilt er hvort vinnuveitanda eigi að vera ljós sú hætta sem stafar af því að starfsmenn hans hegði sér á refsiverðan hátt nema í mjög sérstökum ábyrgðarstöðum eins og Hæstiréttur virðist telja að hafi verið um að ræða í máli því er vitnað var til. Varhugavert er því að nota *Hrd. 2000, bls. 2835* sem fordæmi án þess að skoða einnig aðra hluti er að málinu snúa.

Nokkuð hefur verið vikið að dómaframkvæmd á öðrum Norðurlöndum í þessu máli og nefndi lögmaður PFS meðal annars danskan dóm, *Ufr. 1994, bls. 695*, máli sínu til stuðnings. Þar er fallist á vinnuveitandaábyrgð í máli um þjófnað af vinnustað sem um margt svipar til þessa máls. Erlendir dómur geta gefið vísbendingu um hvernig taka skal á álitaefnum hér á landi, sér í lagi þegar löggjöf er eins lík og raun ber vitni um skaðabótalöggjöf á Norðurlöndunum og álitaefni af þessu tagi hafa ekki mikið verið til úrlausnar hjá innlendum dómstólum.

Dómaframkvæmd á hinum Norðurlöndunum er hins vegar langt frá því að vera jafn einsleit og þetta eina dæmi gefur til kynna. Til dæmis má nefna annan danskan dóm þar sem refsivert athæfi sem þó varð í vinnutíma er talið of fjarlægt starfssviði til þess að beita megi reglu um vinnuveitandaábyrgð, *Ufr. 1994, bls. 215*. Einnig má nefna tvo

norska dóma þar sem þjófnaður í vinnutíma þótti ekki hafa nægileg tengsl við starfið til þess að reglu um vinnuveitandaábyrgð mætti beita, *Rt. 1982, bls. 1349* og *Rt. 1996, bls. 385*.

Ekki verður séð að refsivert athæfi starfsmanns Íslandspóstis hf. sé í nánari tengslum við starf hans en tengsl starfa tjónvalda voru í dómum Hæstaréttar í málum *Hrd. 1956, bls. 94* og *Hrd. 1962, bls. 74*. Í fyrri dómnum þykir það að veita manneskju far með lögreglubíl nægilega fjarlægt starfsskyldu lögreglumanns til þess að vinnuveitandi hans sé ekki bótaskyldur þegar manneskjan slasast og í seinni dómnum þykir glæfralegur leikur starfsmanna fiskvinnslu sem leiðir til líkamsmeiðinga starfsmanns ekki í nægum tengslum við starfið til þess að fella ábyrgð á vinnuveitandann.

Vissulega verður tjónið í máli þessu innan vinnutíma en er þó ekki þess eðlis að vinnuveitandinn hafi mátt búast við hegðun starfsmannsins eða að það hafi staðið honum næst að koma í veg fyrir hana. Hefðbundin sjónarmið sem liggja á bak við vinnuveitandaábyrgð eiga varla við þegar svo er ástatt. Um er að ræða refsiverðan verknað þar sem starfsmaður fer langt út fyrir heimildir sínar og starfssvið. Hin almenna regla í skaðabótarétti er að vinnuveitandi beri ekki ábyrgð á slíkri refsiverðri hegðun starfsmanna sinna og þykir ekkert hafa komið fram sem réttlætir að horfið sé frá þeirri meginreglu hér.

Að öllu þessu virtu er því fallist á kröfu kæranda og hin kærða ákvörðun PFS frá 29. desember 2005 er felld úr gildi. Íslandspósti hf. er þar af leiðandi ekki gert að greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur umfram það sem sendingin var tryggð fyrir. Hvað varðar kröfu Landsbanka Íslands hf. um endurgreiðslu málskostnaðar telur nefndin ekki að hún hafi heimild til slíkrar ákvörðunar sbr. til að mynda 3. mgr. 10. greinar reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

6.0 Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 29. desember 2005 er felld úr gildi. Íslandspósti hf. er því ekki gert að greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur umfram tryggingu. Hafnað er kröfu Landsbanka Íslands hf. um endurgreiðslu málskostnaðar.

Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánaða frá því að aðilar fengu vitneskju um hann.

Reykjavík, 15. mars 2006

Ólafur Garðarsson, hrl., formaður

Guðjón Kárason, verkfr.

Heimir Haraldsson, endursk.